

Íslandi, fær úr ríkissjóðnum, og sem eru 388 rd. 38 sk. ríkismyntar á ári, skulu hækkuð um 150 rd. ríkismyntar frá 1. 1864.
12. marz.
degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
12. dag marzmán. 1864.

**22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um laun handa lög-
regluþjóni á Akureyri.** 21. marz.

Útaf því, er þér, herra amtmáður, í bréfi 6. októberm. f. á.
stingið upp á, að útvegað verði úr ríkissjóðnum fè, 150 rd. á
ári, til þess að launa með því lögregluþjóni í kaupstaðnum
Akureyri, þá skal yður til vitundar gefið, eptir að búið er að
skrifazt á um málið við fjárstjórnina, yður til leiðbeiningar, að
dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að útvega úr ríkissjóðnum
nökkurt fjártillag í þeim tilgangi, sem hér er um rætt.

**23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um breyting á verzlunarvöginni.¹** 21. marz.

Í lögum 19. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunar-
vöginni í konungsríkinu Danmörku, var fyrirskipuð tugaskipting
á vogarlóðunum, og skyldi pundið vera eining, en í 4. grein
laganna var leyft, að til bráðabirgða mætti löggilda lóð, sem væru
að þyngd $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi. En nú er leyfi þetta
numið úr gildi með konungsúrskurði 3. júnímán. f. á.²

¹) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi skrifuð bréf sama
efnis.

²) Lögin frá 19. febrúar 1861 eru prentuð í alþingistíðindunum fyrir
1863, I. 151 bls., og skulu hér til frekari skýringar þessu máli
settar 4 fyrstu greinir laganna: 1. grein. Frumeining hinnar ál-
mennu verzlunarvogar er eitt pund, sem er eins og hingaðtil 500
frönsk grömm. 2. grein. 100 pund gjöra eitt centner. 3.
grein. Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort, minni

1864.

21. marz

Eptir tilhlutun bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn hefir nú innanríkisstjórnin, sem gaf út lögin frá 19. febrúarm. 1861, leitt athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að lög þessi séu enn eigi lögleidd á Íslandi, og sé því í þeim ríkishluta pundinu enn skipt í lóð, kvintín og svo frv., og að menn þar geti ekki fengið annarstaðar að vogarlóð til verzlunar en frá jústeringastofunni í Kaupmannahöfn, en síðan 1. júlím. 1861 hefir þar eigi mátt löggilda vogarlóð til að viðhafa í verzlun, er væru að þyngd brot úr einu lóði. Eptir því, sem bæjarstjórnin skýrir frá, hefir þetta ennþá ekki orðið til neins бага, með því jústeringastofan í Kaupmannahöfn hafði til nokkuð af vogarlóðum að þyngd $\frac{1}{2}$, $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$ og $\frac{1}{16}$ úr lóði þegar lögin frá 19. febrúarm. 1861 fengu gildi, og hefir því getað í té látið það, sem beðið hefir verið um frá Íslandi, en smátt og smátt, eptir því sem þessi eldri vogarlóð ganga upp (vogarlóðin, sem voru $\frac{1}{2}$ lóð, voru þegar upp gengin) og einkum þegar hætt verður að löggilda vogarlóð til 1, 2, 4 og 8 lóða, svo sem nú er boðið í ofangreindum konungsúrskurði 3. júnímán. f. á., þá sé við því búið, að þetta muni gefa tilefni til umkvartana, og hefir því innanríkisstjórnin vakið máls á því við dómsmálastjórnina, hvort henni þyki ekki ástæða til að hlutast til um það, svo skjótt sem unnt er, að lög þessi verði löggilt á Íslandi.

Um þetta efni getur dómsmálastjórnin þess, að þarsem hið síðasta alþingi, þegar rætt var um að löggilda á Íslandi lögin frá 19. febrúarm. 1861, hefir ráðið frá löggilding þeirra í þegnlegu álitsskjali sínu því, er þær herra stiptamtmaður senduð hingað með þegnlegri skýrslu yðar 15. septemberm. f. á., þá verðnr að ætla, að þingið hafi ekki haft sér hugföst vankvæði þau,

þungar ákveðast í tugabrotum úr orti. 4. grein. Undireins og þessi lög hafa fengið lagagildi, þá löggildast einungis þesskonar lóð til verzlunarviktar, er tugabrotum verður komið að, það er að skilja þesskonar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 2 og 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti, svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi (System); þó má eptirleiðis, og þangað til konungur gjörir aðra ráðstöfun, jafnframt löggilda þau vogarlóð, sem vega $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi.

*) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 432—434. bls. sambr. II, 20. bls.

sem að ofan er á vikið að af því mundi leiða í viðskiptum manna á milli, ef þær ákvarðanir um vogarlóðin, sem nú eru í gildi í konungsríkinu, ekki bráðlega yrðu lögleiddar á Íslandi, og biður stjórnarráðið yður því, herra stiptamtmaður, að skýra frá álitum yðar um málið í heild sinni og sérstaklega um það, hverjar breytingar kynni þurfa að gjöra við lög þessi, ef þau yrðu lögleidd á Íslandi.

1864.
21. marz.

Eitt exemplar af lögunum frá 19. febrúar 1861 og af auglýsingum innanríkisstjórnarinnar frá 21. júním. 1861 og 30. júním. 1863 fylgir hér með yður til eptirsjónar.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun hreppstjóra.

21. marz.

Með þegnlegri skýrslu, dags. 15. september. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent hingað þegnlega bænarskrá þingsins um, að hreppstjórum, sem lögregluþjónum, verði fyrst um sinn veitt frá 20 til 60 ríkisdala þóknun úr ríkissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þesskonar málavöxtum.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir íhugað mál þetta, verður hún að álíta það víst, að ekki geti fengizt veitt úr ríkissjóðnum nein laun handa hreppstjórunum; en þareð því á hinn bóginn eigi verður neitað, að borgun sú, sem embættisþjónar þessir fá fyrir störf þau, er þeir hafa á hendi sem réttarþjónar og lögregluþjónar (en hún er í því fólgin, að þeir eru undanþegnir gjöldum til ríkissjóðsins, fá nokkrar aukatekjur m. m.), er næsta lítil og samsvarar á engan hátt störfum þeirra, og að það þessvegna væri æskilegt, að bætt yrðu kjör þeirra, þá skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, ef þér eruð á sama máli um þetta, að láta í ljósi álit yðar um, með hverju móti launabót sú, sem hér er um rætt, muni geta fengizt. Eptir álit stjórnarráðsins gæti í því efni helzt orðið umtalsmál að fá fæð úr jafnaðarsjóðum amtanna, og í því tilliti skal stjórnarráðið